

HEILBRIGÐIS- STOFNUNIN Á BLÖNDUÓSI

INNRETTING OG LOKAFRÁGANGUR
Í KJALLARA OG Á 2.HÆÐ

MAÍ 2003



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAMAT	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR	3
1.1 Lýsing framkvæmdar	3
1.2 Áætlunargerð	3
1.3 Áætlun um stofnkostnað	3
1.4 Áætlun um rekstrarkostnað	3
1.5 Áætlun um fjármögnun	3
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	4
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	4
2.2 Framvinda	4
2.3 Eftirlit og úttektir	5
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	7
3.1 Fjárveiting og áfallinn kostnaður	7
3.2 Heildarkostnaður	8
3.3 Samanburður við áætlun	9
3.4 Kostnaður áfanga og eininga	9
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	10
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	10
4.2 Árangur framkvæmdarinnar	10
4.3 Heimildaskrá	10
4.4 Staðfesting skilamats	10

ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í málinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar



Sjúkrahúsið á Blönduósi

Hér verður gerð grein fyrir framkvæmdum við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi, breytingar í kjallara og á 2. hæð. Framkvæmdin tók til breytinga og innréttinga rýma í sjúkrahúsinu fyrir sjúkraþjálfun og kistulagningu í kjallara svo og fæðingastofur á 2. hæð ásamt aðstöðu fyrir ljósmóður, samtals 356 m².

Framkvæmdir við sjúkrahúsið hafa staðið yfir frá 1978 og er hér um lokaáfangna þeirra að ræða. Kjallarin var að mestu leyti „tilbúinn undir tréverk“ og málningu. Framkvæmdir í kjallaranum fólust í að brjóta niður 3x9m steinsteypta æfingarsundlaug, leggja nýjar frárennslislagnir og steypa gryfju fyrir sérstakan þjálfunarpott sem settur var upp í stað sundlaugarinnar. Einnig var lokið við lagnakerfi, loftræstikerfi, frágang lofta, gólfefna og innrétt-

inga ásamt málningu. Einnig var gengið frá lágspennulögnum og lýsingu og lagnaleiðum fyrir eldvarnar- og fjarskiptakerfi og skilað virku því eldvarnarkerfi sem fyrir var í húsnæðinu. Verkkaupi var heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Héraðsnefnd Austur-Húnavatns-sýslu.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd verkkaupa.

1.2 Áætlunargerð

Samið var um gerð útboðsgagna við þá hönnuði sem höfðu verið í fyrri áföngum sjúkrahússins.

Hönnuður	
Arkitektastofan OÖ ehf.	
Fjarhitun hf.	
Rafteikning hf.	

1.3 Áætlun um stofnkostnað

FSR áætlaði heildarkostnað við verkið 37.875.000 kr. miðað við byggingarvísitölu í janúar 2001. Þar af var kostnaður við kaup og uppsetningu á þjálfunarkeri áætlaður samtals kr. 15.000.000.

Heildarkostnaðaráætlun sundurliðast sem hér segir:

Heildarkostnaðaráætlun	Upphæð í kr.
Hönnun	4.075.000
Framkvæmdakostnaður	16.300.000
Umsjón og eftirlit	2.500.000
Þjálfunarkeri	15.000.000
Samtals	37.875.000

1.4 Áætlun um rekstrarkostnað

Rekstraráætlun liggur ekki fyrir.

1.5 Áætlun um fjármögnun

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45%
Framkvæmdasjóður aldraðra	40%
Héraðsnefnd Austur-Húnavatns	15%

Fjárlög	Upphæð í kr.
2000	11.760.000
2001	19.380.000
Samtals	31.100.000

Hér vantar fjárveitingu fyrir þjálfunarkeri og tækjabúnaði.

Þann 24. janúar 2001 heimilaði SOF útboð á framkvæmdinni, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skyldi gera nefndinni fullnægjandi grein fyrir hvernig ráðuneytið ætlaði að fjármagna ofangreindan mismun.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 25. janúar 2001, að hefja mætti verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Verkefnisstjóri FSR var Jón Sigurðsson.

Framkvæmdin var boðin út í janúar 2001 og voru tilboð voru opnuð þann 15. febrúar 2001. Eftirtaldir buðu í verkið:

Bjóðandi	Upphæð í kr.	Hlutfall
Stígandi ehf.	23.955.197	127%
Jón Eiríksson ehf.	26.066.185	139%
Kostnaðaráætlun	18.862.185	100,0%

Þjálfunarkerið og búnaður þess var ekki með í útboðinu eða kostnaðaráætlun hönnuða.

Yfirferð á kostnaðaráætlun hönnuða leiddi í ljós vanmat á kostnaði við innihurðir og innréttingar. Gerður var samanburður á öðrum tilboðum í sambærileg verk svo sem D-álmú Sjúkrahúss Keflavíkur. Við þennan samanburð er mismunur á tilboði Stíganda ehf. og eðlilegu kostnaðarmati innan við 7%. Framkvæmdasýsla ríkisins mælti með að tilboði Trésmiðjunnar Stíganda ehf. yrði tekið. Var það gert þann 7. mars 2001. Tilboðið sem var að upphæð kr. 23.955.197 var 127% af kostnaðaráætlun hönnuða. Samningur milli verkkaupa og verktaka var síðan gerður í sama mánuði.

2.2 Framvinda

Verktaki hóf framkvæmdir í 12. viku 2001 en verksamningur var undirritaður á Blönduósi þann 14. mars 2001. Framkvæmdastjóri Stíganda ehf., Hilmar Kristjánsson, var umsjónar-

maður verksins fyrir hönd verktaka, en verkstjóri verktaka á verkstað var Gunnar Sigurðsson.



Steypt sundlaug sem fyrir var



Búið að fjarlægja steyppta sundlaug



Vinna í sjúkrahjálfunarrými

Það kom strax í ljós að mikið ósamræmi og margar villur voru í útboðsgögnum. Endanlegt uppgjör við verktaka var kr. 26.307.351 og þar af voru aukaverk að upphæð kr. 1.866.398 eða um 7% af samningsfjárhæð.



Sænskir aðilar sáu um uppsetningu sundlaugarinnar.



Hluti sjúkráþjálfunarrýmis.



Gangur áður en framkvæmdir hófust.



Innrétting í fæðingarrými.




Gangur að loknum framkvæmdum.

2.3 Eftirlit og úttektir

Samið var um eftirlit með framkvæmdunum við Ráðbarð sf., ráðgjöf og verkfræðipjónustu á Hvammstanga. Samningsupphæðin var kr. 765.202. Eftirlitsmaður var Bjarni Þór Einarsson.

Vegna þess hve verkið hófst seint var það látið óátalið þó verklok hefðu dregist fram í lok ágúst. Lokaúttekt fór fram 14. ágúst 2001. Úttektarmenn voru sammála að verkið hefði í heild verið vel unnið og verktaka til sóma.



Grunnteikning kjallara. Rými og tröppur í hægra horni að neðan voru utan útboðsins sem og lyfta og stigahús

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Fjárveiting og áfallinn kostnaður

Yfirlit fjárveitinga og áfallins kostnaðar

Áfallinn kostnaður:			Innborganir:			
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	M. v. BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur ráðu- neytis á verðlagi hvers árs kr.	Greiðslur svf. á verðlagi hvers árs kr.	Framkv.sj. aldraðra 08-385 kr.	Fjárlög 08-381-6.90 08-370-6.50 kr.
2000	1.348.279	553.935	0	0	2.700.000	5.000.000
2001	26.671.523	10.321.797	21.000.000	6.261.130	6.560.000	16.000.000
2002	4.584.408	1.774.152	7.000.000	500.000	3.819.102	7.000.000
Samtals	32.604.211	12.649.884	28.000.000	6.761.130	13.079.102	28.000.000

3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar	kr.	samtals kr.
3.2.1 Ráðgjöf		
Arkitektahönnun	1.356.300	
Verkfræðihönnun	815.271	
Rafhönnun	253.786	
Kostnaður samtals		2.425.356
3.2.2 Samningsverk		
Trésmiðjan Stígandi hf.	24.478.932	
Kostnaður samtals		24.478.932
3.2.3 Aukaverk		
Trésmiðjan Stígandi hf.	2.737.255	
Kostnaður samtals		2.737.255
3.2.4 Viðbótarverk		
Verksamningur	0	
Kostnaður samtals		0
3.2.5 Umsjón og eftirlit		
Framkvæmdasýsla ríkisins	1.609.151	
Eftirlit, Ráðbarður sf.	786.423	
Kostnaður samtals		2.395.574
3.2.6 Búnaður		
Æfingalauq/bíalfunarpottur	15.236.021	
Kostnaður samtals		15.236.021
3.2.7 Annar kostnaður		
Efni og vinna utan útboða	173.305	
Útboð, ljósritun, flutningsgjald og fl.	393.789	
Kostnaður samtals		567.093
Kostnaður samtals		47.840.231
Heildarkostnaður 47,8 m.kr.		

3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og reikningsuppgjöri.				Yfirlitstafla	
	Raunkostnaður á verðlagi hv. árs m.kr.	Áætlun á verðlagi bvt. 249,0 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi bvt. 249,0 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur	í %
Hönnun og ófyrirséð	2,6	4,1	2,5	-38%	
Verklegar framkvæmdir	31,7	16,3	30,2	85%	
Búnaður	10,9	15,0	10,5	-30%	
Umsjón og eftirlit	2,6	2,5	2,5	0%	
Heildarkostnaður í m.kr.	47,8	37,9	45,8	21%	

3.4 Kostnaður áfanga og eininga

Stærðir og einingakostnaður		
	Stærðir m ²	Einingakostnaður kr./ m ²
Á verðlagi hvers árs án búnaðar	356	0
Á verðlagi hvers árs með búnaði	356	134.383
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100) án búnaðar	356	0
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100) með búnaði	356	51.753

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar borin eru saman álíka stór hús til sömu eða svipaðra nota.

Almennt lækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem húsin eru stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í húsunum sjálfum.



Sundlaugin uppkomin

Ekki liggja fyrir kostnaðarupplýsingar um samþærilega framkvæmd, þ.e. innréttingu sjúkraþjálfunar m.t.h. rýmum. Í töflunni hér að neðan er því tekinn kostnaður við innréttingu tveggja heilsugæslustöðva til samanburðar. Húsnæði þessara heilsugæslustöðva var fullinnréttáð skv. verksamningum en umrædd húsnæði voru á sínum tíma keypt „tilbúin undir tréverk“ án milliveggja.

Taflan hér að neðan sýnir heildarkostnað á hvern m² miðað við vnt. 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m ²	Kostn./ m ²
HGS Mjódd	802	57.923
HGS Grindavík	515	68.842
Sjúkraþj. Blönduósi	356	35.553

Ástæða þessa lága einingaverðs á Sjúkraþj. Blönduósi er aðallega sú að í þessu verki voru nánast allir milliveggir m.t.h. lögnum uppkomnir.

4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Þrátt fyrir ágalla í útbodsgögnum gekk verkið ágætlega og voru aukaverk og breytingar innan eðlilegra marka. Á lokastigi verksins komu fram athugasemdir frá sjúkraþjálfurum um að skilrúm milli nuddbása þyrftu að vera föst og hljóðeinangruð. Hönnun gerði ráð fyrir tjöldum. Breytingar voru gerðar í samræmi við óskir starfsfólksins eftir að útbodsverkinu lauk og voru því þar með óviðkomandi.



Sjúkraþjálfunarrými fullbúið

4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 grein 16. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001 grein 7.

Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneytinu 21. september 2001.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Bókhaldsgögn
Verkmöppur
Fyrri skilamöt

Annað

Ljósmyndir eftirlitsmanns
Grunnteikning arkitekts

4.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri